

## Peter Gregory Boghossian – maí 2020

(f. 1966) er norður-amerískur heimspekingur og alvöruspaugari, lektor við Portland State háskólann. Hann skrifaði nokkrar greinar ásamt félögum sínum James Lindsay og Helen Pluckrose, til að gagnrýna vísindamenskuna í kvenfrelsunarfræðadeildum háskólanna. Birting greinanna varð til þess, að háskólinn ýtti úr vör rannsókn á rannsóknum hans. Hann ku hafa brotið siðareglur um rannsóknir. Að hans dómi hafa afturhvarfs jafnaðarmenn yfirtekið fræðimenskuna í háskólunum. Skrifuðu um tvo tugi greina í ritrýnd (vísinda)tímarit.

Peter og James skrifuðu greinina, „Hugtakið reður sem félagssmíði.“ (The Conceptual Penis as a Social Construct). Höfundar segja m.a.: „Hvað karlmennsku snertir er fyðillinn ruglingsleg smíði. Við færum rök fyrir því, að reðurhugtakið megi betur skilja í ljósi kynlifunar (performativity) sem afar sveigjanlega félagssmíði (social construct), fremur en líffæri.“ Greinin birtist í Cogent Social Sciences.

Ásamt Helen Pluckrose skrifuðu þeir félagar greinina „Viðbrögð manna við nauðgunarmenningu og hinseginlifnaði í hundagörðum í borginni, Portland, Oregon (Human Reactions to Rape Culture and Queer Performativity at Urban Dog Parks in Portland, Oregon) í kvenfrelsunartímaritið, „Gender, Place and Culture. A Journal of Feminist Geography.“ Í greininni halda höfundar því fram m.a., að kynlíf hunda varpi ljósi á nauðgunarmenningu þá meðal manna, sem karlmenn hafa stofnað til, og sé eitt helsta greiningarverkfæri í fræðimennsku kvenfrelsaranna.

Þriðja greinin, „Okkar barátta er mín barátta“ (Our Struggle is My Struggle) birtist í kvenfrelsunartímaritinu, „Affilia: Journal of Women and Social Work – Affilia. Greinin er samsuða úr bókinni „Baráttu minni,“ (Mein Kampf) eftir Adolf Hitler og stælingu á orðvaðli kvenfrelsaranna um félagslegt réttlæti og kúgun kvenna. Greinin gengur nú undir nafninu, „Kvenfrelsunar Mein Kampf.“

Umsagnir um greinarnar voru almennt jákvæðar; „gefandi og spennandi framlag til skoðunar ... á skörun endaparmshneigðar og karlmennsku,“ „frábært og [orð] í tíma töluð,“ og „mikilvæg samræða félagsráðgjafa og kvenfrelsunarfræðimanna.“ Að sögn höfunda lögðu ritrýnendur oft og tíðum til ennþá fáránlegri texta, en þeir höfðu sjálfir samið.

Peter Gregory Boghossian

(f. 1966) er norður-amerískur heimspekingur og alvöruspaugari, lektor við Portland State háskólann. Hann skrifaði nokkrar greinar ásamt félögum sínum James Lindsay og Helen Pluckrose, til að gagnrýna vísindamenskuna í kvenfrelsunarfræðadeildum háskólanna. Birting greinanna varð til þess, að háskólinn ýtti úr vör rannsókn á rannsóknum hans. Hann ku hafa brotið siðareglur um rannsóknir. Að hans dómi hafa afturhvarfs jafnaðarmenn yfirtekið fræðimenskuna í háskólunum. Skrifuðu um tvo tugi greina í ritrýnd (vísinda)tímarit.

Peter og James skrifuðu greinina, „Hugtakið reður sem félagssmíði.“ (The Conceptual Penis as a Social Construct). Höfundar segja m.a.: „Hvað karlmennsku snertir er fyðillinn

ruglingsleg smíði. Við færum rök fyrir því, að reðurhugtakið megi betur skilja í ljósi kynlifunar (performativity) sem afar sveigjanlega félagssmíði (social construct), fremur en líffæri.“ Greinin birtist í Cogent Social Sciences.

Ásamt Helen Pluckrose skrifuðu þeir félagar greinina „Viðbrögð manna við nauðgunarmenningu og hinseginlífnaði í hundagörðum í borginni, Portland, Oregon (Human Reactions to Rape Culture and Queer Performativity at Urban Dog Parks in Portland, Oregon) í kvenfrelsunartímaritið, „Gender, Place and Culture. A Journal of Feminist Geography.“ Í greininni halda höfundar því fram m.a., að kynlíf hunda varpi ljósi á nauðgunarmenningu þá meðal manna, sem karlmenn hafa stofnað til, og sé eitt helsta greiningarverkfæri í fræðimennsku kvenfrelsaranna.

Þriðja greinin, „Okkar barátta er mín barátta“ (Our Struggle is My Struggle) birtist í kvenfrelsunartímaritinu, „Affilia: Journal of Women and Social Work – Affilia. Greinin er samsuða úr bókinni „Baráttu minni,“ (Mein Kampf) eftir Adolf Hitler og stælingu á orðvaðli kvenfrelsaranna um félagslegt réttlæti og kúgun kvenna. Greinin gengur nú undir nafninu, „Kvenfrelsunar Mein Kampf.“

Umsagnir um greinarnar voru almennt jákvæðar; „gefandi og spennandi framlag til skoðunar ... á skörun endaparmshneigðar og karlmennsku,“ „frábært og [orð] í tíma töluð,“ og „mikilvæg samræða félagsráðgjafa og kvenfrelsunarfræðimanna.“ Að sögn höfunda lögðu ritrýnendur oft og tíðum til ennþá fáránlegri texta, en þeir höfðu sjálfir samið.

Samtal Peter og James við Joe Rogan er í senn bæði fræðandi og skemmtilegt.